



Fucking Åmål

1998

Fucking Åmål er sænsk kvikmynd um uppgjör við okkur sjálf og samfélagið sem mótar okkur. Hún gerist í Åmål sem er litill og lítt þekktur smábær þar sem ekkert markvert gerist. Bæ þar sem nýjasta tíska er ekki lengur í tísku þegar hún loksins nemur þar land. Myndin fór sigurför um heiminn sem hófst á frumsýningu á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Handrit og leikstjórn er í höndum Lukas Moodysson en þetta var hans fyrsta mynd í fullri lengd.

kl. 15:00

6.
febrúar
2022



Atómstöðin

1984

Atómstöðin er dramatísk kvikmynd sem er byggð á samnefndri skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness. Myndin fjallar um aðlögun ungrar sveitastúlku að lífinu í Reykjavík eftir seinna stríð og kynni hennar af litríkum persónum sem á vegi hennar verða. Inn í söguna fléttast ýmis hitamál eftirstríðsáranna og ádeila á borgarleg gildi og vestrænt siðferði. Myndin sló í gegn á sínum tíma og er í leikstjórn Þorsteins Jónssonar. Aðalleikarar eru: Tinna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Eyrjólfsson.

kl. 17:00

6.
febrúar
2022

Sérstakur viðburður.
Sjá nánar á: [kvikmyndasafn.is](#) eða [bioparadis.is](#)



Jag är nyfiken – gul

1967

Jag är nyfiken – gul, er sviðsett heimildamynd um unga konu sem tekur viðtöl við fólk um skoðanir þeirra á samfélaginu og mörg knýjandi málefni auk meiriháttar siðferðislegra spurninga. Jafnvel forsætisráðherrann, Ólaf Palme, kemst ekki undan því að svara áleitnum spurningum aðalsöguhetjunnar, Lenu. Myndin var bönnuð á sínum tíma og þótti mikil ádeila. Leikstjóri er Vilgot Sjöman.

kl. 19:30

6.
febrúar
2022




Pusher

1996

Dópsalinn Frank verður sífellt örvæntingafyllri eftir að mishæppnuð sala skilur hann eftir með stóra skuld við miskunnarlausan eiturlyfjabarón. Myndin sló rækilega í gegn um allan heim á sínum tíma og hafði mikil áhrif í danskri kvikmyndasögu. Þess ber að geta að Mads Mikkelsen leikur hér sitt fyrsta hlutverk í kvikmynd í fullri lengd í leikstjórn Nicolas Winding Refn.

kl. 15:00

6.
mars
2022



Húsið


1982

Húsið er spennumynd um ungt par sem fær leigt í gömlu húsi í Reykjavík og verður þess fljótlega vart að húsinu fylgir eitthvað dularfullt, jafnvel yfirnáttúrulegt. Aðalleikarar eru: Lilja Þórisdóttir, Jóhann Sigurðarsson, Róbert Arnfinnsson og Helgi Skúlason og fleiri. Myndin var framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna árið 1984. Leikstjóri er Egill Eðvarðsson.

kl. 17:15

6.
mars
2022

Sérstakur viðburður.
Sjá nánar á: [kvikmyndasafn.is](#) eða [bioparadis.is](#)



Nattevagten

1994

Martin tekur við starfi sem næturvörður í líkhúsi til að fjármagna laganámið. Þegar fórnarlömb raðmorðingja sem drepur vændiskonur eru sett í líkhúsið fara skelfilegir hlutir að gerast. Kvikmyndin var sýnd á Cannes árið 1994 og var síðar endurgerð í Bandaríkjunum árið 1997. Myndin naut mikillar hylli í Danmörku á sínum tíma sem og víðar. Leikstjórn og handrit er í höndum Ole Bornedal. Leikarar: Nikolaj Coster-Waldau, Sofie Gråbøl, Kim Bodnia.

kl. 19:30

6.
mars
2022

BÍÓTEKID BIOTEKID BÍÓTEKID

DAGSKRÁ

VOR

2022

BÍÓTEKID er heiti yfir reglulegar kvikmyndasýningar á vegum **Kvikmyndasafns Íslands** sem haldnar eru í samstarfi við **Bíó Paradís**.Sýndar verða valdar íslenskar og norrænar kvikmyndir einn sunnudag í hverjum mánuði, frá **6. febrúar til 1. maí 2022**. Boðið verður upp á sérstaka viðburði, fræðslu og spjall í tengslum við þær kvikmyndir sem til sýningar verða. Frekari upplýsingar um dagskrá og miðasölu er að finna á samfélagsmiðlum og á [kvikmyndasafn.is](#) og [bioparadis.is](#).

Miðaverð er 1.000.- krónur



Sjá nánar á [kvikmyndasafn.is](#) eða [bioparadis.is](#)



The White Reindeer

1952

Hvíta hreindýrið er finnsk fantasíu- og hryllingsmynd. Nýgift kona í Lapplandi fer til seiðkarls til að fá smá hjálp við ástarlífið en er í staðinn breytt í hvítt vampíru-hreindýr. Leikstjóri er Erik Blomberg. Aðalleikarar eru Mirjami Kuosmanen, Kalervo Nissilä og Åke Lindman. Kvikmyndin hefur unnið til fjölda verðlauna um allan heim, meðal annars á Cannes og Karlovy Vary kvikmyndahátíðunum.

kl. 14:30

3.
apríl
2022



Tilbury 1982

+ Sérðu ekki hvítan blett í hnacka 1979

Tilbury er íslensk hryllingsmynd. Árið 1940 fer ungur sveitadrengur til Reykjavíkur til að æfa sund og vinna fyrir breska hernámsliðið. Brátt fer hann að gruna að einn herforinginn sé handgengnari skrattanum en bresku krúnunni. Myndin er í leikstjórn Viðars Víkingssonar og eru aðalleikarar: Karl Ágúst Úlfsson, Helga Bernhardt, Kristján Franklín Magnússon og Róbert Arnfinnsson.

kl. 16:00

3.
apríl
2022

Sérstakur viðburður.
Sjá nánar á: [kvikmyndasafn.is](#) eða [bioparadis.is](#)



The Unknown Soldier

1955

Finnsk stórmynd í leikstjórn Edvin Laine sem byggð er á samnefndri bók eftir Väinö Linna. Myndin er sögð frá sjónarhóli finnskra hermanna í því sem Finnar kalla framhaldsstríðið 1941-1944. Myndin er finnsk eriklassik og var best sötta kvikmynd landsins frá upphafi finnskrar kvikmyndagerðar, en yfir helmingur þjóðarinnar sá myndina í kvikmyndahúsi á sínum tíma. Um er að ræða nýja stafræna uppgerða útgáfu af myndinni frá Kvikmyndasafni Finnlands sem sýnd er í samstarfi við Sendiráð Finnlands á Íslandi. Aðalhlutverk: Kosti Klemelä, Heikki Savolainen, Reino Tolvanen.

kl. 19:30

3.
apríl
2022




Oslo, 31. August

2011

Dramatísk kvikmynd í leikstjórn Joachim Trier og er þetta önnur myndin í Osló þríleik Triers, en hinar tvær eru Reprise (2006) og Verdens verste menneske (2021). Kvikmyndirnar hafa allar slegið í gegn og unnið til fjölda viðurkenninga um allan heim. Myndin fjallar um dag, jafnvel síðasta daginn, í lífi ungs manns. Kvikmyndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes þar sem hún fékk góðar viðtökur.

kl. 15:00

1.
maí
2022



Ingaló

1992

Ingaló er dramatísk kvikmynd um unga konu sem er til sjós á trillu föður síns, en feðginin eiga ekki skap saman. Ástir og átök eru örlagavaldar í lífi Ingulóar og villt parti í verbuð reynist afdrifaríkt fyrir hana og aðra verbuðarmenn. Ingaló hefur verið sýnd við góðar viðtökur og unnið fjölda verðlauna um allan heim. Leikstjórn og handrit: Ásdís Thoroddsen. Aðalhlutverk: Sólveig Arnarsdóttir, Eggert Þorleifsson, Ingvar E. Sigurðsson, Þór Túlínus og fl.

kl. 17:00

1.
maí
2022

Sérstakur viðburður.
Sjá nánar á: [kvikmyndasafn.is](#) eða [bioparadis.is](#)



Ung flukt

1967

Ung flukt fjallar um unga stúlku, Gerd, sem verður ástfangin af strák. Gerd hefur læmt orð á sér og er fjölskylda stráksins ekki hrifin af sambandinu. Þau ákveða að strjúka saman og búa ein úti í skógi en þar hitta þau mann sem reynir mikið á samband þeirra. Gerd er leikin af Liv Ullmann og þetta var hennar fyrsta aðalhlutverk. Leikstjórn er í höndum Edith Carlmar, sem var fyrsti kvenleikstjóri Norðmanna.

kl. 19:30

1.
maí
2022